

grein getur réttur stefnanda til vatns úr veitunni þá fyrst komið til greina þegar vatnspörf kaupstaðarins er vislega fullnægt, það er þegar veitan flytur nægilegt vatn handa hverjum þeim í kaupstaðnum, sem kröfu á til vatns. Vatnsæð, er stefnanda væri heimilt að leggja til sín, ætti því að hafa upptök sín í vatnsveitu Reykjavíkur á þeim stað, sem æðin ekki dregur úr nægilegu vatnsmagni til nokkurs kaupstaðarbúa, sem vatnsskatti svarar, og að vatnstaka stefnanda valdi að öðru leyti eiganda vatnsveitunnar, Reykjavíkurkaupstað, eigi verulegu óhagræði. En um þetta fer fram mat dómkvaddra manna samkv. 34., sbr. 147 gr. b. vatnalaganna.

Kröfu stefnanda þykir því eiga að taka til greina á þann hátt, að honum skuli heimilt vatn úr vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til notkunar í heimilis- og búsparfir, svo fremi dómkvaddir menn meta, að vatn sé til þess nægilegt umfram þarfir kaupstaðarins, enda ákveði þeir stað þann, er æðina til stefnanda kann að mega taka úr veitunni, þannig, að vatnsnot stefnanda aldrei komi í bága við vatnspörf kaupstaðarins, en stefnanda þó tryggt vatn ef um fram er. Og enn er heimild stefnanda til vatns úr veitunni því skilyrði bundin, að vatnsæðin til hans valdi eigi, eftir mati sömu manna, Reykjavíkurkaupstað verulegu óhagræði að öðru leyti.

Málkostnað þykir stefndur eiga að greiða stefnanda og ákveðst hann hæfilega metinn 100 kr.

Miðvikudaginn 21. maí 1930.

Nr. 120/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
 gegn
 Ólafi Gottskálkssyni (Svb. Jónsson).
 Sýknudómur.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 20. júlí 1929: Kærður, Ólafur Gottskálksson, Siglufirði, greiði 40 kr. sekt í ríkissjóð, til vara, sæti einföldu fangelsi í 3 daga.

Svo greiði og kærður Jóhanni Þorfinnssyni í skaðabætur 325 kr. innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur greiði kærður allan kostnað, er leiðir af máli þessu.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi, kom kærði á bifreið sinni norðan Lækjargötu og ók hægt eftir miðri götunni. Nokkru áður en kærði kom að gatnamótum Lækjargötu og Aðalgötu gaf hann hljóðmerki, en er hann nálgast gatnamótin, kom maður, Jóhann Þorfinnsson, á hjólhesti ofan Aðalgötu fyrir hornið á húsi því, er stendur á horni Aðalgötu og Lækjargötu, norðanvert við Aðalgötu (Kjötbúðin) og ætlaði norður eftir Lækjargötu, en í stað þess að beygja inn í Lækjargötu á vinstri götukanti, ók hann þvert yfir götuna beint í veg fyrir bifreiðina. Rakst hægra framhjól bifreiðarinnar á hjólhestinn og maðurinn slengdist á götuna fyrir framan bifreiðina. Bifreiðin fór yfir hjólhestinn og braut hann, en með því bifreiðin fór mjög hægt, fór hún ekki yfir manninn, heldur ýtti honum á undan sér eina eða rúma billengd og fékk hann töluverðan áverka á höfði og síðu og handarbaki.

Eftir þessum upplýsingum er það ljóst, að áreksturinn stafaði eingöngu af því, að Jóhann Þorfinnsson ók í veg fyrir bifreiðina, og hafði hann þó séð hana áður en hann ók út á Lækjargötu. Kærði ók að visu sem næst á miðri götu, en þar sem hann ók hægt og gætilega, þykir ekki eftir atvikum ástæða til að sekta hann fyrir það.

Kærði hefir borið það, að hann hafi séð Jóhann Þorfinnsson við kjötbúðarhornið og hafi sér þá virzt hann beygja réttu megin inn í Lækjargötu aftur með bílnum og hafi hann því ekki veitt honum frekari eftirtekt, með því að hann hafi haft augun á götunni framundan bílnum; hafi hann svo ekki orðið Jóhanns var fyr en hægra framhjólið á bílnum hafi rekizt á hjólhestinn og Jóhann hafi slengzt á götuna fyrir

framan bilinn og í framhaldsprófi, er haldið hefir verið í málinu samkvæmt úrskurði hæstaréttar, hefir kærði haldið því fram, að hann þá hafi stöðvað bifreiðina eins fljótt og hann gat, þótt bifreiðin hafi runnið áfram tæpa lengd sína eftir áreksturinn.

Þótt ætla megi eftir hraða bifreiðarinnar og eftir því, sem kærði segir um ástand hemlanna, að kærði hefði getað stöðvað bifreiðina nokkru fyr, þykir þó ekki næg ástæða til að láta kærða sæta refsingu fyrir þetta, þar sem þessi árekstur kom honum að óvör- um og það því eðlilega hefir haft áhrif á athafnir hans.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og verður þá allur kostnaður málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, er ákveð- ast 80 kr. til hvors, að greiðast úr rikissjóði.

Skaðabótakrafa Jóhanns Þorfinnssonar verður held- ur eigi tekin til greina í þessu máli, samkvæmt því, sem að framan er sagt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Gottskálksson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar og skaðabótakröfu Jó- hanns Þorfinnssonar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins bæði í héraði og hæsta- rétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjörns Jónssonar, 80 kr. til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ólafi Gottskálkssyni, bifreiðareiganda og bifreiðarstjóra, Siglufirði, fyrir brot á bifreiðarlögunum, út af árekstri 9. þ. m., og til skaðabóta greiðslu 325 kr. til Jóhanns Þorfinnssonar Siglufirði, er varð fyrir árekstrinum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þ. 9. þ. m., ekur kærður flutningabifreið sinni hægt eftir Lækjargötu eftir miðri götunni, þó heldur vestar en á miðri götunni, suður á Aðalgötu, og gefur hljóðmerki um 14 faðma áður en hann kemur að götumótum, en ekkert hljóðmerki um leið og hann fer fyrir götuhornið. Heldur kærður þannig eftir Lækjargötu suður á Aðalgötu. Kærður heldur fram, að hann hafi ekki ekið á austurbrún Lækjargötu af því að þúst dáltil hafi verið á austurbrún götunnar. Er þetta rétt, en þústin var svo litil, að hverri bifreið var leikandi að aka yfir hana, svo að telja verður, að eigi séu færðar málsbætur fyrir því, að kærður ók ekki á austurbrún Lækjargötu. Samtímis og kærður ekur um Lækjargötu, ekur Jóhann Þorfinnsson norður Suðurgötu yfir á Aðalgötu og ætlar norður á Lækjargötu yfir á vesturbrún Lækjargötu. Hann heyrir hljóðmerki bifreiðar á Lækjargötu, en ekki við götumót og er hann kemur að götumótum Lækjargötu og Aðalgötu, sýnist honum kærður beygja með bifreið sína til vesturs. Hyggur Jóhann því, að árekstur muni verða, ef hann heldur þeirri stefnu, sem hann ætlaði sér, og beygir þá beint til austurs og ætlar fram fyrir bifreiðina og komast á austurbrún Lækjargötu, en þá rekst bifreiðin á hann, hér um bil á miðri Lækjargötu, þar sem Aðalgata og Lækjargata mætast. Það er nú gegn eindregnum mótmælum kærðs ekki fyllilega sannað, að bifreiðin hafi beygt til vesturs (til hægri) á Lækjargötunni, en telja verður sannað, að kærður hafi eigi haldið sér nógu langt til vinstri hliðar á Lækjargötunni og það verið ástæða til, að Jóhanni Þorfinnssyni hafi við það fremur sýnt, að bifreiðin ætlaði að beygja til hægri, en auk þess að aka henni ekki á vinstri brún Lækjargötu, hefir kærður einkum sýnt af sér vitavert aðgæzluleysi við að stöðva bifreiðina eigi nógu fljótt, er hann átti að geta séð áreksturinn fyrir. Þegar áreksturinn varð, lenti framhjól bifreiðarinnar á reidhjólnu fyrir aftan fótstalla. Skall Jóhann þá um, en reidhjólíð fór undir bifreiðina og ók bifreiðin áfram um lengd sína áður en stöðvaðist og mjakaðist Jóhann undan henni þennan spöl

unz hún staðnæmdist. Hefir kærður undandrátarlaust viðurkennt þetta og að það sé hans sök að hafa ekki stöðvað bifreiðina fyr. Verður að telja þetta framferði kærðs mjög vita-verða vanrækslu eins og á stóð og það því fremur, sem hann hefir viðurkennt, að bifreiðin sé svo útbúin, að stöðva megi á svipstundu. Verður því að telja, að hægt hefði verið fyrir kærðan að stöðva bifreiðina svo fljótt, að enginn, árekstur hefði orðið, en með tilliti til þess, að Jóhann Þorfinnsson fylgdi heldur ekki réttum ökureglum, og það kann að hafa truflað kærðan verður að telja rétt, að kærður greiði 40 kr. sekt í rikissjóð, til vara sæti 3ja daga einföldu fangelsi, fyrir vita-verðan akstur á götum bæjarins.

Sem skaðabætur til Jóhanns Þorfinnssonar þykir rétt, eins og málið liggur fyrir, að kærður greiði kr. 325.

Svo greiði og kærður allan af málinu leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 28. maí 1930.

Nr. 66/1929. **Richard Thors, f. h. h/f. Kveldúlfur**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðmundi Kristjánssyni, f. h. Per

Perssons Skeppsmägleri A/B.

(Magnús Guðmundsson).

Skaðabætur.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 19. febr. 1929: Aðalstefndi, Guðm. Kristjánsson, f. h. Persons Skeppsmägleri A/B., greiði aðalstefnanda, H/f. Kveldúlfur, 513 kr. ásamt 6 % árs-vöxtum frá 19. nóv. 1927 til greiðsludags, og staðfestist lög-haldsgjörðin fyrir þessari upphæð. Gagnstefndi á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og fellur málskostnaður þar niður. En í aðalsök greiði aðalstefndi aðalstefnanda 100 kr. upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.